



AT HUG1001

HUGMYNDAVINNA

1 ECTS

<b>Ár:</b>	1. ár.
<b>Önn:</b>	Haustönn.
<b>Stig námskeiðs:</b>	Grunnnám, grunnnámskeið.
<b>Tegund námskeiðs:</b>	Skyldunámskeið allar námsbrautir TF.
<b>Undanfarar:</b>	Engir undanfarar.
<b>Skipulag:</b>	Kennt 1-2 daga í september, allan daginn.
<b>Umsjónarkennari:</b>	Aldís Ingimarsdóttir og Guðmundur Kristjánsson.
<b>Kennari:</b>	Birt í Canvas (kennslukerfi HR).

**Lærdómsviðmið:** Gert er ráð fyrir að nemandi hafi að námskeiðinu loknu eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni:

**Þekking:** Við lok námskeiðs mun nemandi hafa þekkingu á:

- Að verkefni breytist fyrirvararlaust.
- Vinnubrögðum við lausn óljósra verkefna
- Hafi kynnst aðstæðum þar sem ákvarðanir og skipulag byggja á óljósum upplýsingum.

**Leikni:** Við lok námskeiðsins mun nemandi hafa leikni í að:

- Finna styrkleika verkefnahóps við lausn verkefnis.
- Leysa verkefni með takmkaðan búnað og aðföng.
- Hafi kynnst hópvinnu og skilji mikilvægi samvinnu og fjölbreytni hóps.

**Hæfni:** Við lok námskeiðsins mun nemandi hafa hæfni til að:

- Kynna niðurstöður á skýran og greinagóðan hátt
- Sækja sér þekkingu til að leysa verkefni með takmörkuðum upplýsingum
- Vinna hóp og skilja mikilvægi samvinnu.
- Hafi kynnst fjölbreytni í kynningu niðurstaðna.

**Lýsing:** Námskeiðið fer fram á 1-2 dögum um miðjan september og er ætlað að brjóta upp námsönnina og svo að nýnemar í tæknifræði kynnist innbyrðis. Unnið er með verkefni þar sem takmarkaðar upplýsingar eru fyrir hendi. Verkefnið getur breyst fyrirvaralaust yfir daginn. Nemendur vinna í 4-6 manna hópum innan sinnar fagbrautar.

**Kennsluaðferðir:** Kennt 1-2 daga í september, dagsetning ákvörðuð eftir stundartöflu 1.árs nema. Kennt verður allan daga og endar með kynningu. Unnið er með verkefni þar sem takmarkaðar upplýsingar eru fyrir hendi. Verkefnið getur breyst fyrirvaralaust yfir daginn. Nemendur vinna í 4-6 manna hópum innan sinnar fagbrautar.

**Námsmat:** Lokaeinkun er staðið/fallið. Matið byggist á virkri þátttöku nemenda í námskeiðinu.

**Tungumál:** Íslenska.